Atvinnuveganefnd Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 7. desember 2023

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á raforkulögum, 541. mál**

Vísað er til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 30. nóvember 2023, vegna frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (forgangsraforka).

Veitur ohf. sinna mikilvægri þjónustu í almannaþágu og hafa það hlutverk að gæta þess að viðskiptavinir hafi tryggt aðgengi að hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu. Samfélagsleg ábyrgð Veitna felst einnig í því að grunnþjónusta sé traust og á sanngjörnu verði. Félagið hefur verulegar áhyggjur af því að frumvarpið í núverandi mynd tryggi ekki orkuöryggi notenda raforku, annara en stórnotenda, með fullnægjandi hætti auk þess sem það feli hvort tveggja í sér mögulegt brot á samkeppnilögum og sé í ósamræmi við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands.

Veitur lýsa áhyggjum af því að í frumvarpinu felst algjört afturhvarf frá frjálsri samkeppni á íslenskum raforkumarkaði með miðstýringu og mjög óljósum áhrifum á markaðinn.

Virðingarfyllst,

Bára Jónsdóttir

Bára Jónsdóttir
Lögmaður

VEITUR